

Emmýjarhnjúkur hann skal heita ...

Hjörleifur Guttormsson

Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík; hjorleifur@eldhorn.is

Sumarið 1970 komst ég fyrst að Snæfelli, sem blaðið hafði við mér í fjarska frá æskuárum mínum á Hallormsstað með Nálhúshnjúka sér við hlið. Ég slóst í fylgd með vöskum hópi undir merki nýstofnaðs Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, sem hélt frá Egilsstöðum og upp úr Hrafnkelsdal, viku af ágúst, með efni í ferðamannaskála og reisti hann þar sem nú stendur Snæfellsskáli vestan undir fjallinu. Þaðan hélt ég á jeppa inn með Þjófahnjúkum suður á Háöldu og gekk þaðan yfir Eyjabakkajökul austur á Hraun til gróðurathugana (Hjörleifur Guttormsson, 2016) Fimm árum síðar, í ágúst 1975, lá leiðin fótgangandi við þriðja mann frá Snæfellsskála austur um Þjófadali að Hálskofi austan undir Snæfelli til rannsókna á Eyjabakkasvæðinu. Nauðsynlegan búnað hafði ég flutt þangað með þyrlu nokkrum dögum áður, þar á meðal gúmmibát til að komast austur yfir Jökulsá. Við vorum þarna í tæpa viku í hagstæðu veðri og náðum að

kanna drjúgan hluta Eyjabakkasvæðisins ásamt með Þóriseyjum. Það auðveldaði för um svæðið að Jökulsá rann þá öll austan við Eyjafell út á sléttuna, en aðeins bergvatn um vestari farveginn. Auðveldaði það aðgengi að Þóriseyjum og Hraukum, þ.e. ystu jökulöldunum hjá Eyjafelli.

Við úrvinnslu úr þessum ferðum reyndi ég að nálgast heimildir um fyrri rannsóknir náttúrufræðinga á Eyjabakkasvæðinu, allt frá glímu Sveins Pálssonar við Snæfell 1794 og ferð Þorvalds Thoroddsens á leið úr Lóni til Fljótsdals 1894. Þarna kom fleira í leitirnar en var á almannavitorði eystra, frásagnir af ferðum og rannsóknum íslenskra, enskra og þýskra fræðimanna frá fjórða og sjötta áratug 20. aldar. (Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason, 1977) Hér verður fyrst og fremst staldrað við þátt þýska jöklafræðingsins Emmy Mercedes Todtmann (1888–1973) í tengslum við hugmynd mína um að nefna áður ónefndan



Frá Þóriseyjum í suðvestur. Snæfellsháls og Emmýjarhnjúkur sunnan Þjófagilsár. Hálskofi sést lengst til hægri. – *Snæfellsháls and Emmýjarhnjúkur. View from Thoriseyjar east of Snæfell to the southwest. The hut Hálskofi is at the right margin.* Ljósmynd: H.G., 1975.

Þjófahnjúk eftir henni og þá sem Emmýjarhjúk með íslenskum rithætti.¹

Jökla-Emmý og rannsóknir hennar

Emmy Mercedes Todtmann fæddist 29. mars 1888 í Altona, þá sérstöku bæjarfélagi sem nú er einn af útbæjum Hamborgar. Þar rak faðir hennar vínbúð. Eftir fyrri heimsstyrjöldina hóf Emmy nám í jarðfræði og landafræði í Freiburg og lauk doktorsprófi 1923. Vann hún síðan við rannsóknarstofnanir í jarðfræði og jarðvegsfræðum, sem urðu eftir stríð hluti af Geologisches Landesamt Hamburg. Jafnframt kenndi hún jarðfræði við Hamburger Volkshochschule og flutti fyrirlestra víða. Tvær ferðir hennar til Svalbarða á þriðja áratugnum tengdust rannsóknum á ísaldarminjum og samanburði við ummerki um ísaldarskjöldinn mikla sem náði suður á Þýskaland norðanvert. Eftir það beindust sjónir hennar að jöklum hérlendis til frekari rannsókna. Til Íslands kom hún fyrst sumarið 1931 og hóf þá rannsóknir á jaðarsvæðum skriðjökla í sunnanverðum Vatnajökli og í Örfafjökli (Todtmann, 1931) og hélt þeim áfram sumarið 1934. Eftir valdatöku Hitlers 1933 hafði Emmy gengið í nazistaflokkinn en var að stríði loknu ekki talin hafa aðhafst neitt saknæmt. (Staatsarchiv Hamburg). Félag Íslandsvina sem stofnað hafði verið í Dresden árið 1913 var endurvakið í Hamborg árið 1950 og var Todtmann þá og síðar í forystu þess. Það ár fór hún fyrst að norðanverðum Vatnajökli og stundaði rannsóknir á Eyjabakkajökli og Brúarjökli næstu árin fram til 1956. Niðurstöður hennar birtust margar hverjar jafnóðum í greinum, m.a. í Jökli og Þýskum tímaritum, en heildaryfirlit með uppráttum og fjölda ljósmynda kom út í ritinu Gletscherforschungen auf Island (Vatnajökull) sem út kom í ritröð háskólans í Hamborg 1960 (Todtmann, 1960). Vakti það rit verulega athygli, sbr. grein Sigurðar Þórarinssonar í Jökli það sama ár. Í lok hennar segir Sigurður: „Um áratuga skeið hef ég dáðst að dugnaði og þrautseigju Emmy Mercedes Todtmann. Ég vil nú óska henni til hamingju með árangurinn“ (Sigurður Þórarinsson, 1960). Enn kom Emmy hingað sumarið 1963 og hélt þá á nýjar slóðir á Hornströndum, gekk á Drangajökul og lá þar við í tjaldí einsömul í nokkra daga líkt og hún hafði í-

rekað tíðkað norðan Vatnajökuls. Hafði heimafólk á Dröngum nokkrar áhyggjur af þessari hálfátræðu erlendu vísindakonu (Morgunblaðið, 1963). Þetta sama ár var Emmy kjörin heiðursfélagi í Deutsche Quartärvereinigung (Þýska kvarterfélagið) og árið 1968 heiðursfélagi Naturwissenschaftlicher Verein (Náttúruvísindafélagsins) í Hamborg.

Auk Sigurðar Þórarinssonar var Jón Eypórsson veðurfræðingur og lengi formaður Jökларannsóknafélagsins Emmy innan handar með upplýsingar og góð ráð. Sjálf skilaði hún miklu og góðu starfi með heimildasöfnun sinni og kortlagningu á jaðarsvæðum íslenskra skriðjökla, m.a. við hörfandi Brúarjökul áður en hann síðast gekk fram 1963–64. Hafði Emmy sér þar til aðstoðar þýskan mælinga- og kortagerðarmann, H. Wiemerslage að nafni. Sumarið 1955 réðist til fylgdar með henni í Kringilsárrana Þorleifur Einarsson, þá jarðfræðinemi við háskólann í Erlangen. Í síðustu heimsókn sinni til Íslands sumarið 1972 var Emmy gestur á heimili Þorleifs og Steinunnar konu hans ásamt með þýska jarðfræðingnum Martin Schwarzbach frá Köln, sem hér ferðaðist á 6. og 7. áratugnum og ritaði ágæta samantekt um íslenska jarðsögu (Schwarzbach, 1971). Heima í stofunni hjá Þorleifi og Steinunni er meðfylgjandi mynd tekin og birt hér með góðfúslegu leyfi barna þeirra. Emmy lést ári síðar, 21. maí 1973 og var Schwarzbach einn þeirra sem skrifaði um hana eftirmæli.

Ótrúlega einbeitt og kjarkmikil

Ekki er að undra að ferðir og rannsóknir Emmy M. Todtmann hér á landi vektu athygli, jafnt lærðra og leikra. Þannig birtust um hana margar greinar og viðtöl í dagblöðum og tímaritum, einkum á 6. áratug síðustu aldar þegar henni varð tíðförlt inn á öræfin austanlands. Sumpart var um að ræða hreinar svaðilfarir við allt aðrar og erfiðari aðstæður en síðar varð.

Á 7. áratugnum heyrði ég Fljótsdælinga segja frá ferðum Emmýjar og dvöl hennar innst á afréttunum Undir Fellum og á Vesturöræfum og fylgdi frásögunum nafn Friðriks Stefánssonar (1886–1963) bónda og hreindýraeftirlitsmanns á Hóli í Norðurdal. Hann fór ríðandi með Emmy seinni hluta júlímánaðar 1953

¹Á Fljótsdalshéraði talaði fólk í mínu minni um Emmý eða Jökla-Emmý í frásögnum sínum.





Fig. 5

Skizze des Moränenvorfeldes am Brúarjökull.
(Die feine Linie bezeichnet die Grenzen der topographischen Karte 1 : 25 000 von 1956).

Uppdráttur Todtmanns sem sýnir jaðarurðir Brúarjökuls frá 1890 til 1956. Úr ritinu Gletscherforschungen auf Island 1960. – A map from Todtmann 1960, showing terminal moraines of Brúarjökull between 1890 and 1956.



Kápa ritsins Gletscherforschungen auf Island eftir Todtmann, gefið út af háskólanum í Hamborg 1960. – Cover of Todtmann's report on her research of Vatnajökull, published by Hamburg University in 1960.



Á heimili Þorleifs Einarssonar sumarið 1972. Frá vinstri Emmy, Steinunn, Martin og Þorleifur. – At the home of Þorleifur Einarsson in summer 1972. From left: Emmy M. Todtmann, Steinunn Ólafsdóttir, Martin Schwarzbach and Þorleifur.




Fig.2

Lageskizze des Eyjabakkajökull mit Moränenvorfeld A — B. Längsschnitt siehe Fig. 3.
Uppdráttur af Eyjabakkajökli og jaðarurðum 1953. Úr Todtmann 1960. — A diagram of Eyjabakkajökull terminal moraines in 1953. From Todtmann 1960.



Sporður og jökulurðir Eyjabakkajökuls, sú ysta frá árinu 1890. Útfall Jökulsár í Fljótsdal á Eyjabakkasvæðið. Eyjafell lengst til hægri. — A diagram from 1953 of Eyjabakkajökull with terminal moraines. Outflow of the river Jökulsá towards the Eyjabakkar plain. Eyjafell at the right margin. Ljósmynd: H.G., ágúst 2006.



Emmýjarhnjúkur og sporður Eyjabakkajökuls með jökulurðum. Fjær eru Eyjabakkahnjúkar og norðausturjaðar Vatnajökuls. – *Emmýjarhnjúkur and the snout of Eyjabakkajökull with terminal moraines. In the background Eyjabakkahnjúkar and the north-eastern margin of Vatnajökull.* Ljósmynd: H.G., september 2016.

inn að Eyjabakkajökli þar sem hún tjaldaði og dvaldi alein í 10 daga við rannsóknir á jökulurðunum (sjá upprátt) uns Friðrik kom aftur og sótti hana (Jökull, 1953). Um svipað leyti eða viku af ágúst þetta sama sumar fórust tveir breskir stúdentar á sunnanverðum Vatnajökli norður af Skaftafellsjökli. Þeir höfðu verið þátttakendur í 10 manna rannsóknaleiðangri frá Nottingham og ætluðu í lokin að skreppa frá jökulbúðum við Miðfellstind austur á Örfajökul en komu aldrei fram. Þessi sorgaratburður mun hafa verið til efni þess, frekar en einvera Emmy við Eyjabakkajökul, að Rannsóknaráð ríkisins sendi frá sér tilkynningu 24. nóvember 1953 þess efnis, að ekki yrðu lengur gefin út leyfi til einstaklinga eða tveggja manna hópa sem hygðu á rannsóknir í óbygðum (Jökull, 1953).

Hluta úr fjórum sumrum varði Emmy við jaðar Brúarjökuls og reyndist það svæði henni langtum örðugra yfirferðar en við Eyjabakkajökul. (Jökull, 1955) Söguleg var seinasta ferð hennar sumarið 1956 í Marítungur við austanverðan Brúarjökul. Þangað

ætluðu Vaðbrekkumenn að flytja hana á jeppum, komust inn með Snæfelli að vestan að Fitjahnjúk, en urðu þar frá að hverfa. Þar settu leiðangursmenn upp búðir og gengu til rannsókna um nágrennið. Aðalrannsóknasvæðið var hins vegar fyrirhugað um 10 km vestar í Lágtungum handan Jökulkvíslar. Emmy varð þá hagsað til Friðriks á Hóli, bjargvættar síns frá sumrinu 1953. Fór hún gangandi á tveim dögum til fundar við hann norður í Fljótssdal, lá úti um nóttina þar eð hún fann ekki gangakofann við Laugarfell vegna þoku. Friðrik brást sem fyrr vel við, flutti tjöld og annan búnað á hestum vestur yfir Jökulkvísl og sótti hópinn um mánuði síðar og skilaði niður í Vaðbrekku. Var ætlunarverki Emmy við Brúarjökul þar með lokið (Vísir, 1956).

Emmýjarhnjúkur

Á rannsóknarferðum mínum á 8. áratug liðinnar aldar norðan Vatnajökuls varð mér oft hagsað til kjarkmiklu konunnar frá Hamborg sem stundað hafði rannsókn-

ir við jökulsporða Eyjabakka- og Brúarjökuls tveimur áratugum fyrr og skilað markverðum niðurstöðum. Ég sá fyrir mér tjaldstað hennar framan við hraukasvígðurnar austan Eyjafells. Enn skera sig úr jökulruðningarnir frá 1931 og 1938 sem hún færði inn á uppdráttinn af Eyjabakkajökli. Þjófahnjúkar sunnan Snæfells skilja á milli rannsóknarsvæða hennar, sá austasti dökkur og toppmyndaður er sunnan Þjófagilsár. Af honum er glæsisýn yfir sporð hörfandi Eyjabakkajökuls. Fljótisdælingar létu lengst af nægja að nota samheitið Þjófahnjúkar um þessa fallegu þyrpingu, en smám saman hafa komið fram tillögur um sérnöfn og þau fest sig í sessi eitt af öðru. Hugmynd mín um að minnast Emmy Mercedes Todtmann með því að nefna fellið dökka við mynni Þjófadals Emmýjarhnyjúk hefur hlotið jákvæðar undirtektir, bæði hjá sveitarstjórn í Fljótisdal sem og hjá Örnefnasafni. Framtíðin mun síðan skera úr um hvort nafngiftin lifir til langframa.

Summary

The author proposes to designate a hereto unnamed mountain peak north of Vatnajökull after the German geologist and glaciologist Emmy Mercedes Todtmann (1888–1973). Emmýjarhnyjúkur (in Icelandic) is proposed as a name for a peak of 1009 meters height just southeast of the mountain Snæfell (1833 m) and close to the outlet glacier Eyjabakkajökull. Dr. Todtmann was a well known specialist on geological formations from the advance of late Quaternary glaciers. Working at research institutions in Hamburg for half a century she studied glacial landscape formations ranging from northern Germany to Spitzbergen and in particular at Vatnajökull in Iceland. Her first trips to Iceland, in 1931 and 1934, were to the outlet glaciers south of Vatnajökull. After the Second World War these were followed by numerous expeditions to the north of that glacier, where she mapped dynamics of Eyjabakkajökull and Brúarjökull in the last few centuries. She sometimes stayed for weeks alone up in the deserted highland of Iceland, revered by the local people for her courage and endurance. In one such trip in the summer 1953 she went to the margin of Eyjabakkajökull where she raised her tent staying alone for 10 days. The Icelandic press frequently reported on her

research trips and by Icelandic colleagues she was respected for her drive and scientific research. On her 10th visit to Iceland in 1963 she explored new fields at Drangajökull in the northwest of the country. She loved and praised Iceland and deserves to be remembered for her pioneering work in the field of glacial geology.

HEIMILDIR

- Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason 1977. Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi. *Skýrsla OSROD 7719*. Reykjavík, Orkustofnun.
- Hjörleifur Guttormsson 2016. Um byggingu Snæfellskála 1970 og ævintýraferð austur á Hraun. *Múlaping* 42, s. 102–112.
- Morgunblaðið 1953. Þýzkur jarðfræðidoktor rannsakar jökla og ísaldarleifar hér. *Stutt samtal við dr. Emmy M. Todtmann*. 207 tbl., 13. september, s. 2.
- Morgunblaðið 1963. Þýzk kona við rannsóknir á Drangajökli. 174. tbl., s. 6.
- Sigurður Þórarinnsson 1960. Myndarlegt rit um Vatnajökul. *Jökull* 10. árg. 1. tbl., s. 23–24.
- Schwarzbach, Martin 1971. *Geologenfahrten in Island*. Ludwigsburg, Karavane-Verlag, 104 bls.
- Staatsarchiv Hamburg 221–11 Ed 10775.
- Todtmann, Emmy Mercedes 1931. VIII. Bericht über eine Reise zum Studium der Gletscherrandgebiete an den Südrand des Vatna Jökull. *Mitteilungen der Islandfreunde*, 2. tbl., s. 50–51.
- Todtmann, E. M. 1953. Am Rand des Eyjabakkagletschers, Sommer 1953. *Jökull* 1. tbl., 3. árg., s. 34–35.
- Todtmann, Emmy Mercedes 1955. Übersicht über die Eisrandlagen in Kringilsárrani 1890–1955. *Jökull* 5, s. 8–10.
- Todtmann, Emmy Mercedes 1960. *Gletscherforschungen auf Island. (Vatnajökull)*. (Universität Hamburg. Abhandlungen aus dem Gebiet der Auslandskunde. Reihe C. (Naturwissenschaften) Band 19), Hamburg. De Gruyter. (95 bls. ásamt 70 myndum og uppdrætti af norðaustanverðum Brúarjökli).
- Vísir 1956. *Jökla- og jarðlagarannsóknir í Marítungum. Dr. Todtmann hér 8. sumarið í röð*. Frásögn, 24. september, 220. tbl., s. 12.
- Þ[orbjörn] Sigurgeirsson 1953. Rannsóknir erlendra manna á íslenskum jöklum sumarið 1953. *Jökull* 3. árg. 1.tbl., s. 50–52.